



Félagssfærnisögur

STUTTAR LEIÐBEININGAR

TEKNAR SAMAN AF ÁSDÍSI BERGÞÓRSDÓTTUR, SÁLFRÆÐINGI

KROSSGATAN@KROSSGATAN.IS

Markmið þessa glærupakka

- ▶ Þessi glærupakki er kennsla fyrir foreldra til að semja félagsfærnisögur.
- ▶ Hann var saminn af því að það er enginn góð kennsla til á íslensku á netinu um félagsfærnisögur.
- ▶ Þessi glærupakki er aðeins veik tilraun til að til kennslu. Þannig getur vel verið að inn í pakkann hafi slæðst villur.

Kenna rétta hegðun

- ▶ Félagsfærnisögur eru ætlaðar til að kenna rétta hegðun.
- ▶ Til þess að það sé hægt þarf að útskýra hver rétt hegðun er og af hverju hún er rétt.
- ▶ Félagsfærnisögur eru samdar fyrir hvert barn sérstaklega út frá aðstæðum þess og málskilningi

Helstu reglur um félagsfærnisögur

- ▶ Gott er að taka fram góða eiginleika barns eða hegðun
- ▶ Sagan er byggð upp með inngangi sem kynnir efnið, meginmál sem bætir við smáatriðum og niðurlagi sem styrkir og tekur saman upplýsingarnar
- ▶ Sögurnar eru oftast skrifaðar í 1. persónu ef ung börn er að ræða eða einstaklinga sem glíma við mikla skerðingu annars er 3. persóna (Nafn viðkomandi) oftast notað. (Þetta er samt oft smekksatriði)
- ▶ Í sögunum á ekki að minnast á erfiða hegðun, bara æskilega hegðun.

Helstu reglur um félagsfærnisögur - frh.

Sagan svarar „hv“ spurningum

- ▶ hvar (lýsir hvar sagan gerist t.d. í skólastofu, heimsókn hjá ömmu)
- ▶ hvenær (t.d. í frímínútum, áður en þú ferð að sofa)
- ▶ hverjir (hverja sagan snertir t.d. mömmu, vini, kennara)
- ▶ hvað (hlutir og vísbendingar í umhverfinu)
- ▶ hvernig (á að haga sér, gera eitthvað eða segja eitthvað)
- ▶ af hverju (það á haga sér þannig, gera eða segja það)

Helstu reglur um félagsfærnisögur – frh.

Sagan samanstendur af

- ▶ Lýsandi setningum (aðalsetningar í sögunni)
- ▶ Sjónarhornsetningum sem lýsa afstöðu annars fólks til þess sem er að gerast
- ▶ Samhjálpasetningum (til að útskýra hvernig aðrir munu hjálpa barninu)
- ▶ Leiðbeinandi setningum (setningar sem leiðbeina umviðeigandi hegðun)
- ▶ Staðfestandi setningum (setningar sem styrkja merkingu annarra setninga)

Innan við 1/3 af setningum á að segja hvað á gera (leiðbeinandi)

Helstu reglur um félagsfærnisögur – frh.

- ▶ Sagan verður að hæfa getu og áhuga þess sem hún er saminn fyrir. Barnið verður skilja hana. Það á að vera hægt að túlka hana bókstaflega (Ekki hafa orðalag eins og „hoppandi vondur“ sem er hægt að skilja þannig að einhver sé hoppa og sé reiður)
- ▶ Það á að nota myndir sem hæfa aldri barnsins.
- ▶ Heiti sögunnar á að vera lýsandi og stutt
- ▶ Ef barnið á að segja eitthvað við einhvern segðu nákvæmlega hvað það á að segja „ Viltu leika?“, „Geturðu hjálpa mér?“

Semjum félagsfærnisögu

- ▶ Til að semja sögu – byrjaðu að finna út hvað á að kenna.
- ▶ Þessi saga sem við semjum er aðeins kennsludaemi til sýningar og textinn er svolítið stíður. Síðar tökum við betra dæmi.
- ▶ Segjum að það eigi að kenna barnið að biðja önnur börn um að leika á skólalóðinni í frímínútum.
- ▶ Barnið hafi alltaf áður togað í önnur börn til að fá þau til að leika.

Leiðbeinandi setning

- ▶ Byrjum á leiðbeiningunni. Við viljum að barnið spyrji önnur börn hvort þau vilji leika. Við skipum ekki barninu fyrir. Við segjum hvað er hægt („ég get“, „ég ætla að reyna“ o.sfrv.).
- ▶ Við tölum ekki um neikvæða hegðun, að barnið tosi í önnur börn.
- ▶ Venjulega er bara ein leiðbeinandi setning í hverri sögu. (Leiðbeinandi setningar mega aðeins vera 1/3 af sögunni).

[Heiti félagsfærnisögu]

[Inngangur]

[Meginmál]

Ég get spurt krakka: „Viltu leika?“

[Meginmál]

[Meginmál]

[Niðurlag]

Inngangur að sögunni

- ▶ Nú þurfum við inngang að sögunni. Hverjar eru eðlilegar aðstæður á skólalóðinni? Það eru börn að leika.
- ▶ Við lýsum því með lýsandi setningu.
- ▶ Lýsandi setningar eru staðreyndir en ekki skoðun.
- ▶ Í setningu okkar kemur fram hvar sagan gerist (á skólalóðinni), hvenær (í frímínútum), um hverja sagan er (krakkana).

[Heiti félagsfærnisögu]

Í skólanum leika margir krakkar sér á leikvellingum í frímínútum.

[Meginmál]

Ég get spurt krakka: „Viltu leika?“

[Meginmál]

[Meginmál]

[Niðurlag]

Meginmál

- ▶ Hér er sjónarhorn barnsins sett fram í sjónarhornssetningu.
- ▶ Það má setja sjónarhorn barnsins inn ef það er jákvætt.
- ▶ Barninu finnst gaman að leika við börn. Við setjum það sjónarhorn fram til að minna barnið á það.
- ▶ Neikvætt sjónarhorn má ekki setja inn. Það mætti ekki setja inn „Mér finnst leiðinlegt að leika við krakka“.

[Heiti félagsfærnisögu]

Í skólanum leika margir krakkar sér á leikvellingum í frímínútum.

Það er oftast skemmtilegt að leika sér.

Ég get spurt krakka: „Viltu leika?“

[Meginmál]

[Meginmál]

[Niðurlag]

Staðfesta leiðbeininguna

- ▶ Það er æskilegt að setja staðfestingar setningar á eftir leiðbeinandi setningum til að styrkja leiðbeiningarsetninguna.
- ▶ Staðfestingarsetningar koma ekki með neitt nýtt. Þær staðfesta það sem áður hefur verið sagt.

[Heiti félagsfærnisögu]

Í skólanum leika margir krakkar sér á leikvellinum í frímínútum
Það er oftast skemmtilegt að leika sér.

Ég get spurt krakka: „Viltu leika?“

Það er gaman að leika.

[Meginmál]

[Niðurlag]

Samhjálpasetning

- ▶ Við þurfum að útskýra fyrir barninu af hverju það á að spyrja.
- ▶ Ástæðan er „Ef ég spyr krakka hvort hann vilji leika þá leikur hann kannski við mig.“ Þarna er útskýrt hvernig krakkar bregðast við spurningunni (samhjálpasetning)
- ▶ Ekki má setja þessa setningu fram sem „Ef ég spyr krakka hvort hann vilji leika þá leikur hann við mig“ þar sem er það ekki alveg öruggt.
- ▶ Hér væri hægt að bæta við leiðbeinandi setningu „Ef hann vill ekki leika þá get ég sagt: „Allt í lagi“ og spurt annan krakka“

[Heiti félagsfærnisögu]

Í skólanum leika margir krakkar sér á leikvellingum í frímínútum það er oftast skemmtilegt að leika sér.

Ég get spurt krakka: „Viltu leika?“

Það er gaman að leika.

Ef ég spyr krakka hvort hann vilji leika þá leikur hann kannski við mig.

[Niðurlag]

Niðurlag

- ▶ Við þurfum að ljúka sögunni með góðri niðurlagssetningu.
- ▶ Við höfum ekki ennþá lýst sjónarhorni hinna krakkana. Það er mikilvægt að lýsa því hvernig aðra upplifa atburðin. Það hjálpar barninu að skilja hvernig aðrir hugsa.
- ▶ Þessi setning er sjónarhornssetning.

[Heiti félagsfærnisögu]

Í skólanum leika margir krakkar sér á leikvellinum í frímínútum

Það er oftast skemmtilegt að leika sér.

Ég get spurt krakka: „Viltu leika?“

Það er gaman að leika.

Ef ég spyr krakka hvort hann vilji leika þá leikur hann kannski við mig.

Krökkunum finnst gaman að leika við aðra krakka.

Heiti sögu

- ▶ Nú þurfum við að finna stutt lýsandi heiti á söguna.
- ▶ Sagan er sex setningar sem er mjög hæfilegt.
- ▶ Aðeins ein setning er leiðbeinandi. Ekki meira en 1/3 setninga má vera leiðbeinandi. Við erum alveg inna þess marks.

Að leika sér

Í skólanum leika margir krakkar sér á leikvellingum í frímínútum

Það er oftast skemmtilegt að leika sér.

Ég get spurt krakka: „Viltu leika?“

Það er gaman að leika.

Ef ég spyr krakka hvort hann vilji leika þá leikur hann kannski við mig.

Krökkunum finnst gaman að leika við aðra krakka.

Myndskreyting

- ▶ Myndir eru settar við sögurnar
- ▶ Myndirnar þurfa að höfða til barnsins



Að leika sér

Í skólanum leika margir krakkar sér á leikvellinum í frímínútum

Það er oftast skemmtilegt að leika sér.

Ég get spurt krakka: „Viltu leika?“

Það er gaman að leika.

Ef ég spyr krakka hvort hann vilji leika þá leikur hann kannski við mig.

Krökkunum finnst gaman að leika við aðra krakka.

Sagan með myndum

Að leika sér

Í skólanum leika margir krakkar sér á leikvelliðum í frímínútum.
Það er oftast skemmtilegt að leika sér.



Ég get spurt krakka: „Viltu leika?“

Það er gaman að leika.



Ef ég spyr krakka hvort hann vilji leika þá leikur hann kannski við mig.

Krökkunum finnst gaman að leika við aðra krakka.



Lesi söguna

- ▶ Sagan er lesin fyrir barnið.
- ▶ Einn aðili les fyrir barnið í rólegu umhverfi .
- ▶ Sama sagan er lesin í nokkra daga, alltaf eins.
- ▶ Það eru bara ein eða tvær sögur í gangi í einu.

Önnur félagafaæni saga

- ▶ Fyrri sagan okkar var svolítið sundurlaus af því að hún var kennsludæmi um allar tegundir af setningum
- ▶ Við ætlum að gera aðra sögu.
- ▶ Hér er vandinn viðbrögð við óvæntum hljóðum hjá eldra barn heitir Siggi.
- ▶ Siggi tekur skapofsaköst þegar hann heyrir óvænt hljóð
- ▶ Við ætlum að kenna Sigga að vera rólegur ef hann heyrir óvænt hljóð.

Leiðbeinandi setning

- ▶ Hér er vandinn viðbrögð við óvæntum hljóðum.
- ▶ Við munum að skipa ekki, bara að segja hvað Siggi getur gert

Siggi ætlar að reyna að vera rólegur þegar hann heyrir óvænt hljóð.

Inngangur

- ▶ Hér þurfum við að byrja að segja eitthvað almennt um hljóð

Það eru til margs konar hljóð.

.....

Siggi ætlar að reyna að vera rólegur þegar hann heyrir óvænt hljóð.

.....

Meginmál

- ▶ Við þurfum að útskýra hvaða hljóð við erum að tala um

Það eru til margs konar hljóð.

Stundum heyrir Siggi allt í einu hátt hljóð.

Hljóð sem heyrast allt í einu heita óvænt hljóð

Siggi ætlar að reyna að vera rólegur þegar hann heyrir óvænt hljóð.

.....

Meginmál

- Það er ekki nóg að útskýra við þurfum líka að taka dæmi.

Það eru til margs konar hljóð.

Stundum heyrir Siggi allt í einu hátt hljóð.

Hljóð sem heyrast allt í einu heita óvænt hljóð.

Það eru til mörg óvænt hljóð. Símhringing, dyrabjalla, hundur að gelta, gler að brotna, ryksugur, hurðir sem skellast, bíflautur og mörg fleiirir

Siggi ætlar að reyna að vera rólegur þegar hann heyrir óvænt hljóð.

.....

Meginmál

- Nú setjum við staðfestingar setningu á eftir upptalningunni.

Það eru til margs konar hljóð.

Stundum heyrir Siggi allt í einu hátt hljóð.

Hljóð sem heyrast allt í einu heita óvænt hljóð.

Það eru til mörg óvænt hljóð. Símhringing, dyrabjalla, hundur að gelta, gler að brotna, ryksugur, hurðir sem skellast, bíflautur og mörg fleiri.

Þessi hljóð eru ekki hættuleg.

Siggi ætlar að reyna að vera rólegur þegar hann heyrir óvænt hljóð.

.....

Niðurlag

- Við endum á niðurlagi um samhjálp

Það eru til margs konar hljóð.

Stundum heyrir Siggi allt í einu hátt hljóð.

Hljóð sem heyrast allt í einu heita óvænt hljóð.

Það eru til mörg óvænt hljóð. Símhringing, dyrabjalla, hundur að gelta, gler að brotna, ryksugur, hurðir sem skellast, bíflautur og mörg fleiri.

Þessi hljóð eru ekki hættuleg.

Siggi ætlar að reyna að vera rólegur þegar hann heyrir óvænt hljóð.

Fullorðna fólkið getur sagt Sigga hvenær hljóðið hættir

Heiti

Óvænt hljóð

Það eru til margs konar hljóð.

Stundum heyrir Siggi allt í einu hátt hljóð.

Hljóð sem heyrast allt í einu heita óvænt hljóð.

Það eru til mörg óvænt hljóð. Símhringing, dyrabjalla, hundur að gelta, gler að brotna, ryksugur, hurðir sem skellast, bíflautur og mörg fleiri.

Þessi hljóð eru ekki hættuleg.

Siggi ætlar að reyna að vera rólegur þegar hann heyrir óvænt hljóð.

Fullorðna fólkið getur sagt Sigga hvenær hljóðið hættir

Óvænt hljóð

Það eru til margs konar hljóð.

Stundum heyrir Siggi allt í einu hátt hljóð.

Hljóð sem heyrast allt í einu heita óvænt hljóð.

Það eru til mörg óvænt hljóð. Símhringing, dyrabjalla, hundur að gelta, gler að brotna, ryksugur, hurðir sem skellast, bíflautur og mörg fleiri.

Þessi hljóð eru ekki hættuleg.

Siggi ætlar að reyna að vera rólegur þegar hann heyrir óvænt hljóð.

Fullorðna fólkið getur sagt Sigga hvenær hljóðið hættir



Að lokum

- ▶ Þetta var stutt kennsla í gerð félagsfærnisagna
- ▶ Nú geturðu gúgglað félagsfærnisögur á netinu til að skoða hvernig aðrir gera þetta og til að fá hugmyndir
- ▶ Enska heitið er: Social Stories

GANGI ÞÉR VEL!